

*Reglur þessar voru samþykktar í félagsmálaráði Reykjavíkurborgar 3. desember 2003 og í borgarráði 9. desember 2003 í samræmi við 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Með breytingum samþykktum í félagsmálaráði 28. janúar 2004 og í borgarráði 10. febrúar 2004. Með breytingum samþykktum í félagsmálaráði 9. júní 2004 og í borgarráði 22. júní 2004. Með breytingum samþykktum í félagsmálaráði 17. desember 2004 og í borgarráði 30. desember 2004. Með breytingum samþykktum í velferðarráði (áður félagsmálaráð) 30. mars 2005 og í borgarráði 28. apríl 2005. Með breytingum samþykktum í velferðarráði 13. desember 2006 og í borgarráði 21. desember 2006.*

## **Reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg**

### **I. kafli**

#### **Almenn atriði**

##### *1. gr.*

##### *Inntak fjárhagsaðstoðar*

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. og III. kafla reglna þessara.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, m.a. vegna heimilisstofnunar, náms eða óvæntra áfalla, sbr. IV. kafla reglna þessara.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. og 16. og 17. gr. þessara reglna.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysisstryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði velferðarráðs, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

##### *2. gr.*

##### *Framfærsluskylda*

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólk sem er í skráðri sambúð í Þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í Þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

### 3. gr.

#### *Lækkun grunnfjárhæðar*

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa eða hafnað starfsleitaráætlun, skal greiða hálfu grunnupphæð til framfærslu eins og er tilgreind í III. kafla reglna þessara þann mánuð sem hann hafnar vinnu, svo og mánuðinn þar á eftir.

Sama á við atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar skráningarskírteini eða dagpeningavottorði frá svæðisvinnumiðlun án viðhlítandi skýringa og umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni, nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því.<sup>1)</sup>

1) Breyting tók gildi 28. apríl 2005

### 4. gr.

#### *Réttur fylgir lögheimili*

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

### 5. gr.

#### *Form fjárhagsaðstoðar*

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 25. gr. og 27. gr. þessara reglna, sbr. og 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Lán eru vaxtalaus.

### 6. gr.

#### *Tímabil samþykkis hverju sinni*

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjú mánuði. Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en sex mánuði skulu kannaðar sérstaklega, félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og skal viðkomandi bent á að leita sér aðstoðar Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

7. gr.

*Fjárhagsaðstoð aftur í tímann*

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

## **II. kafli**

### **Umsókn um fjárhagsaðstoð**

8. gr.

*Umsókn og fylgigögn*

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá þjónustumiðstöð. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 4. gr.

Umsókn skal undirrituð á sérstök umsóknareyðublöð, þar sem fram komi upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir. Umsókn skal fylgja yfirlit yfir eignir og tekjur vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaga, bönkum, sparisjóðum, lánastofnunum eða öðrum aðilum, barnabætur, mæðra- og fedralaun.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskírteini frá vinnumiðlun er staðfestir atvinnuleysi hans. Njóti umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa dagpeningavottorði/greiðsluseðli atvinnuleysisbóta. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá vinnumiðlun, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil.

9. gr.

### **Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda**

Þjónustumiðstöð getur, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóði og lífeyrissjóðum, innlendum og erlendum. Skal það gert í samráði við umsækjanda.

Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgreiðsla umsóknar hans.

Skylt er að veita þjónustumiðstöðinni upplýsingar úr skattframtölum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar. Sama gildir um upplýsingar úr skattframtölum lögskylds framferanda, enda hafi umsækjandi veitt þjónustumiðstöðinni umboð til að afla þessara upplýsinga, sbr. 24. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

**III. kafli**  
**Réttur til fjárhagsaðstoðar**  
**Mat á fjárþörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar**

*10. gr.*

*Mat á fjárþörf*

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárþörf til framfærslu, sbr. 11. gr., lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur, sbr. 12. gr.

Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

*11. gr.*

*Grunnfjárhæð*

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri getur numið allt að 95.325<sup>1)</sup> kr. á mánuði, hér eftir nefnd grunnfjárhæð.

Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í skráðri sambúð getur numið allt að 152.520<sup>1)</sup> kr. á mánuði 95.325 kr. x 1,6).

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Undantekning er þegar umsækjandi hefur skertar barnabætur í kjölfar skilnaðar/sambúðarslita og skal þá tekið tillit til skerðingarinnar við mat á fjárþörf.

Unglingar yngri en 18 ára eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

Fjárhæðir verða endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

*1) Breyting tók gildi 1. júlí 2004, 1. janúar 2005, 1. janúar 2006 og 1. janúar 2007.*

*12. gr.*

*Tekjur og eignir umsækjanda*

Allar tekjur einstaklingsins/maka, í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinn á undan, aðrar en greiðslur vegna barna og húsaleigubætur/vaxtabætur, koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Mæðra- og feðralaun reiknast umsækjanda til tekna. Með tekjum er hér átt við allar tekjur einstaklings/maka sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna, þ.e. atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur TR, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum, skal reikna atvinnuleysisbætur honum til tekna, hvort sem hann hefur stimplað sig eða ekki, nema framvísað sé læknisvottorði.

Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar sé gert ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum, barnabótaauka og meðlögum ef við á.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambylingur, eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í og eina fjölskyldubifreið, eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal honum vísað á lánaþyrngreiðslu banka og sparisjóða, þó að tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð.<sup>1)</sup>

1) Breyting tók gildi 10. febrúar 2004

### 13. gr.

#### *Greiðslur meðlags*

Þegar tekjur umsækjanda eru við eða lægri en grunnfjárhæðin skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi hefur greitt með reglulega fram að þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Hækkar fjárhagsaðstoðin sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna þrjá mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir.

### Sérákvæði

#### 14. gr.

#### *Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum*

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum, sem hafa/hefur lægri tekjur en sem nema grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að viðkomandi hafi stöðvað atvinnurekstur sinn og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, sbr. og 4. mgr. 1. gr. reglna þessara.

Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og leiti að fullu starfi.

#### 15. gr.

#### *Námsmenn*

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, njóta ekki réttar til fjárhagsaðstoðar. Aðrir námsmenn eiga ekki rétt til fjárhagsaðstoðar til framfærslu nema fullnægt sé skilyrðum 18. gr. um námsstyrki/lán vegna náms.

#### IV. kafli

### Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

#### 16. gr.

##### *Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri*

- A. Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra, sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin. Um er að ræða aðstoð til að greiða áfallandi<sup>1)</sup> greiðslur fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 10.000 kr. á mánuði.
- B. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar, er heimilt að veita foreldrum styrk vegna áfallandi<sup>1)</sup> greiðslna sem nema heildarkostnaði eða hluta hans vegna daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíða, frístundaheimilis, sumardvalar, skólagjalda og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf. Ætíð skal vera um tímabundna samþykkt að ræða, sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti.
- C. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar, er heimilt að veita foreldrum fjárstyrk í tengslum við dvöl barns utan heimilis í sex mánuði eða skemur. Ávallt þarf að liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf.
- D. Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarna 12 mánuði eða lengur. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi. <sup>1)</sup>

*1) Breyting tók gildi 28. apríl 2005*

#### 17. gr.

##### *Námskostnaður barna í skóla fjarri heimabyggð*

Ef sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið mæla með því, er heimilt að taka sérstakt tillit til námskostnaðar barna tekjulágra foreldra sem ekki geta sótt framhaldsskóla í heimabyggð. Við mat á fjárþörf skal taka mið af aðstæðum fjölskyldu, m.a. fjárhag hennar og fjarlægð skóla frá heimili. Skilyrði fyrir aðstoð vegna náms barna fjarri heimabyggð er, að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki nr. 79/2003 og fjárþörf síðan metin að teknu tilliti til námsstyrksins.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi. <sup>1)</sup>

*1) Breyting tók gildi 28. apríl 2005*

*18. gr.  
Námsstyrkir*

Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum og aðstoðin miðast við grunnfjárhæð ásamt almennum skólagjöldum, innritunarkostnaði og bókakostnaði:

- a) til einstaklinga 18–24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða.
- b) til einstæðra foreldra 18–24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa haft atvinnutekjur undir 1.000.000 undanfarna tólf mánuði. Skilyrði er að umsækjandi hafi átt í félagslegum erfiðleikum.
- c) til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir án bótaréttar eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.

Leggja þarf inn umsókn tveimur mánuðum áður en nám hefst.

Starfsmaður og námsmaður skulu gera með sér samkomulag um félagslega ráðgjöf þar sem fram kemur m.a. hvernig skuli staðið að skilum varðandi skólasókn, námsframvindu og/eða einkunnir. Einkunnum skal þó ætíð skilað í annarlok.

Miðað skal við að námið leiði til þess að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu.

Meðlag sem umsækjandi kann að fá, reiknist honum til tekna.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi. <sup>1)</sup>

*1) Breyting tók gildi 28. apríl 2005*

*19. gr. <sup>1)</sup>  
Sameiginlegt heimilishald*

Þegar umsækjandi um fjárhagsaðstoð býr hjá foreldrum/foreldri og nýtur hagræðis af því, nemur upphæð fjárhagsaðstoðar til hans kr. 52.569<sup>2)</sup>, sem er mismunur fullrar fjárhagsaðstoðar og fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambýlisfólks.

Geti umsækjandi sýnt fram á að hann njóti ekki hagræðis af sameiginlegu heimilishaldi er heimilt að veita fulla grunnfjárhæð.

Hafi einstaklingur, sem fellur undir ofangreint, forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð full grunnfjárhæð.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi. <sup>1)</sup>

1) Breyting tók gildi 28. apríl 2005

2) Breyting frá 1. janúar 2006.

20. gr.

*Styrkur vegna húsbúnaðar*

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a) til einstaklings, sem hefur lægri tekjur en sem nema grunnfjárhæð, er eignalaus og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun,
- b) til ungs fólks á aldrinum 18–24 ára, sem er eignalaust, með tekjur við eða undir grunnfjárhæð, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn,
- c) þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000 kr. nema þegar einstaklingur er að flytjast á sambýli, þá eru mörkin 50.000 kr.

Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi. <sup>1)</sup>

1) Breyting tók gildi 28. apríl 2005

21. gr.

*Greiðsla sérfræðiaðstoðar*

I. Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga til einstaklinga sem hafa notið fjárhagsaðstoðar til framfærslu samfleytt undanfarna 12 mánuði.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 40.000 kr. á ári.

Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.

II. Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala hjá félagsráðgjöfum, sálfræðingum og geðlæknum, ef það er liður í umfangsmeiri félagslegri aðstoð og fyrirsjáanlegt að eigi sé hægt að veita þjónustuna innan þjónustumiðstöðvar eða á vegum heilbrigðisstofnana.

- a) einstaklingum sem búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika,
- b) einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 55.000 kr. á ári.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi. <sup>1)</sup>

*1) Breyting tók gildi 28. apríl 2005*

*22. gr.  
Útfararstyrkir*

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk eru 160.000 kr.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðsluyfirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum, staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks, tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita tekjulágum<sup>1)</sup> eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita foreldri eða foreldrum sem hafa tekjur á eða undir grunnfjárhæð fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi. <sup>1)</sup>

*1) Breyting tók gildi 28. apríl 2005*

*23. gr.  
Áfallaaðstoð*

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum með tekjur undir grunnfjárhæð eða á mörkum hennar, fjárhagsaðstoð vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna eða náttúruhamfara. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilistryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000 kr.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi. <sup>1)</sup>

*1) Breyting tók gildi 28. apríl 2005*

24. gr.

*Styrkur eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu og til tryggingar húsaleigu*

Heimilt er að veita þeim sem hafa haft tekjur við eða undir grunnfjárhæð í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um þá sem njóta sérstakra húsaleigubóta. <sup>1)</sup>

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi. <sup>1)</sup>

*1) Breyting tók gildi 28. apríl 2005*

25. gr.

*Aðstoð vegna sérstakra erfiðleika*

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna mikilla fjárhagslegra og félagslegra erfiðleika, að uppfylltum öllum neðangreindum skilyrðum:

- a) umsækjandi hafi haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarna sex mánuði eða lengur,
- b) staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana,
- c) fyrir liggi yfirlit starfsmanns þjónustumiðstöðvar eða Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna um fjárhagsstöðu umsækjanda og tillögur að úrbótum þegar við á,
- d) fyrir liggi á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra þegar til lengri tíma er litið,
- e) fyrir liggi samkomulag um félagslega ráðgjöf og/eða fjármálaráðgjöf.

Þegar um lán er að ræða skal greiðsluáætlun fylgja með umsókn.

Eigi er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skattaskulda og sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi. <sup>1)</sup>

*1) Breyting tók gildi 28. apríl 2005*

26. gr.

*Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns*

Uppfylla þarf öll skilyrði 25. gr. þessara reglna auk eftirfarandi skilyrða: <sup>1)</sup>

- Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að fyrir liggi mat á endurgreiðslugetu umsækjanda. Aðeins skal veita lán þegar ljóst er að umsækjandi muni geta staðið í skilum með afborganir af því.
- Eigi er heimilt að veita lán ef umsækjandi er með lán frá Reykjavíkurborg fyrir.
- Hámark láns sem hægt er að samþykkja á þjónustumiðstöð er kr. 300.000. Hámarkslánstími sem hægt er að samþykkja á þjónustumiðstöð er sex ár. Umsóknum um herra lán og lengri lánstíma skal vísa til velferðarráðs.
- Skilyrði er að umsækjandi veiti skriflegt samþykki fyrir reglulegri skuldfærslu fyrir afborgunum lánsins af reikningi sínum.
- Að öllu jöfn skal ekki veita umsækjanda lán, ef hann hefur fengið afskrifað lán frá Reykjavíkurborg á síðustu 12 mánuðum. <sup>1)</sup>

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi. <sup>1)</sup>

*1) Breyting tók gildi 28. apríl 2005*

27. gr.

*Sérstök fjárhagsaðstoð í desember*

Veita skal þeim sem hafa fengið fulla fjárhagsaðstoð undangengna sex mánuði samfelld, sérstaka desemberuppbót sem nemur 25% af grunnfjárhæð.

Þeir sem hafa haft til framfærslu samsvarandi upphæð fyrir sama tímabil eiga einnig rétt á uppbótinni. <sup>1)</sup>

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi. <sup>1)</sup>

*1) Breyting tók gildi 28. apríl 2005*

28. gr.

*Styrkur til greiðslu kostnaðar vegna geymslu á búslóð*

Heimilt er að veita styrk til greiðslu vegna geymslu á búslóð að hámarki kr. 100.000. Skilyrði er að umsækjandi hafi haft tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum grunnfjárhæðar síðastliðna 12 mánuði og hafi átt í miklum félagslegum erfiðleikum.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi. <sup>1)</sup>

*1) Breyting tók gildi 28. apríl 2005*

29. gr. 1)

*Sérstök aðstoð vegna stuðningsvinnu*

Heimilt er að veita sérstaka aðstoð í málum þar sem verið er að veita markvissan stuðning. Skilyrði er að umsækjandi eigi í miklum félagslegum erfiðleikum.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi. 1)

1) Breyting tók gildi 28. apríl 2005

**V. kafli**

**Málsmeðferð**

sbr. ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

30. gr.

*Könnun á aðstæðum*

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef þjónustumiðstöð berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Þjónustumiðstöð skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

31. gr.

*Samvinna við umsækjanda*

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

32. gr.

*Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum*

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

33. gr.

*Leiðbeiningar til umsækjanda*

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið þjónustumiðstöðvar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

34. gr.

*Niðurstæða og rökstuðningur synjunar*

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

35. gr.

*Rangar eða villandi upplýsingar*

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur þjónustumiðstöð endurkafið viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

36. gr.

*Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum*

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

37. gr.

*Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð*

Þar sem starfsmenn þjónustumiðstöðvar hafa umboð til að taka ákvörðun um fjárhagsaðstoð skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að velferðarráð Reykjavíkurborgar fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til velferðarráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun velferðarráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

38. gr.

*Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu*

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðarráðs.

39. gr.

*Gildistaka*

Reglur þessar, sem byggðar eru á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins varðandi reglur sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð, taka gildi 1. janúar 2004.

---